



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS
(The Icelandic Midwives' Association)
Stofnað árið 1919

Handbók

Ljósmaðrafélags Íslands 20.apríl 2013



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Efnisyfirlit

Lög og reglur Ljósmaðrafélags Íslands	6
Fundarsköp Ljósmaðrafélags Íslands	14
Saga handbókar Ljósmaðrafélags Íslands	16
Skipan stjórnar og nefnda/deilda félagsins	17
Trúnaðarmenn Ljósmaðrafélags Íslands	18
Verklag í starfi stéttar og fagfélags Ljósmaðra	19
Störf nefnda/deilda	23
Fræðslunefnd Ljósmaðrafélags Íslands	23
Kjaranefnd Ljósmaðrafélags Íslands	24
Sjóðanefnd Ljósmaðrafélags Íslands	25
Kjörnefnd Ljósmaðrafélags Íslands	26
Ritnefnd Ljósmaðrafélags Íslands	27
Siðanefnd Ljósmaðrafélags Íslands	28
Ljósumar	29
Landshlutadeildir Ljósmaðrafélags Íslands	31
Norðurlandsdeild Ljósmaðrafélags Íslands	31
Starfslýsing stjórnarmanna Ljósmaðrafélags Íslands	33
Formaður	33
Varaformaður	33
Gjaldkeri	34
Varagjaldkeri	34
Ritari	34
Vararitari	34
Meðstjórnandi	35
Starfslýsingar starfsmanna Ljósmaðrafélagsins	36
Starfsmaður á skrifstofu	36
Vefstjóri www.ljosmaedrafelag.is	37



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Ritstjóra fræðsluvefs Ljósmeðrafélags Íslands www.ljosmodir.is	37
Sjóðir LMFÍ	37
Úthlutunar- og starfsreglur Rannsókn- og þróunarsjóðs Ljósmeðrafélags Íslands	37
Skipulagsskrá fyrir Rannsókn- og þróunarsjóð Ljósmeðrafélags Íslands samþykkt á aðalfundi 2011	39
Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu F. Hrafnfjörð	41
Úthlutunar- og starfsreglur Minningarsjóðs Jóhönnu F. Hrafnfjörð	43



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Stjórn og nefndir LMFÍ 2015 -2016

Stjórn

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

Ritnefnd

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

Kjaranefnd

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

Fræðslunefnd

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

Sjóðanefnd

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

Kjörnefnd

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

Siðanefnd

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

NJE

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

Skoðunarmenn

sjá vefslóð: <http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/stjorn>

Aðaltrúnaðarmaður

Arndís Mogensen



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Lög og reglur Ljósmeðrafélags Íslands

Samþykkt á aðalfundi Ljósmeðrafélags Íslands 24.mars 2012.

1. Grein

HEITI FÉLAGSINS

- 1.1. Félagið heitir Ljósmeðrafélag Íslands, skammstafað LMFÍ og er stéttar- og fagfélag ljósmæðra og ljósmæðranema. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði er landið allt. Félagið á aðild að Bandalagi háskólamanna (BHM) og sjóðum BHM.

2. Grein

MARKMIÐ FÉLAGSINS

- 2.1. Að efla ljósmæðrastéttina og jafnframt áhuga íslenskra ljósmæðra fyrir öllu er að starfi þeirra lýtur.
- 2.2. Að stuðla að aukinni menntun og endurmenntun ljósmæðra sem og að stuðla að þróun ljósmóðurfræði sem fræðigreinar.
- 2.3. Að gæta hagsmuna og réttinda ljósmæðra varðandi starf þeirra og kjör.
- 2.4. Að annast samninga um kaup og kjör ljósmæðra sem rétt hafa til atkvæðagreiðslu í kjarasamningi félagsins.
- 2.5. Að hvetja ljósmæður til þess að viðhalda hæfni sinni og auka þekkingu sína.
- 2.6. Að gæta virðingar ljósmæðrastéttarinnar.
- 2.7. Að taka þátt í stefnumótun heilbrigðismála sem varða barneignarferlið og efla samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir
- 2.8. Að glæða félagslegan áhuga og samvinnu ljósmæðra bæði innan lands og í erlendu samstarfi.

3. Grein

AÐILD AÐ FÉLAGINU OG ÚRSÖGN



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

- 3.1. Félagar í LMFÍ geta verið allar ljósmæður sem hafa ljósmæðraleysi á Íslandi auk ljósmæðranema sem óska eftir aðild að félaginu.
- 3.2. Kjarafélagi er sú ljósmóðir sem greiðir ákveðið hlutfall af tekjum sínum til félagsins og er bæði í stéttar- og fagfélagi. Hann hefur málfrelsi, atkvæðisrétt og kjörgengi í allar nefndir og stjórn félagsins. Kjarafélagi sem kys að ganga úr félaginu skal gera það skriflega.
- 3.3. Fagfélagi eru sú ljósmóðir eða ljósmóðurnemi sem ekki er kjarafélagi í LMFÍ. Hann hefur málfrelsi, tillögurétt og kjörgengi í allar nefndir nema kjaranefnd og stjórn félagsins. Fagfélagi sem kys að ganga úr félaginu skal gera það skriflega.
- 3.4. Stjórn félagsins getur gert að heiðursfélagi ljósmóður eða hvern þann velunnara félagsins sem það telur að sýna beri sérstaka viðurkenningu. Skal það gert á aðalfundi ef meirihluti fundarmanna greiðir því atkvæði. Félagsmenn geta komið með tillögu að tilnefningu til stjórnar.
- 3.5. Þær ljósmæður sem eru kjarafélagar greiði sín félagsgjöld sem hlutfall af tekjum sínum sem ákveðið er á aðalfundi. Heimilt er að innheimta félagsgjöld hjá vinnuveitanda. Fagfélagar greiði árlega félagsgjald sem ákveðið er á aðalfundi. Hafi ljósmóðir ekki greitt gjöld sín til félagsins í tvö ár missir hún öll félagsleg réttindi. Hún getur gerst félagi aftur með því að greiða vangoldin gjöld s.l. tveggja ára. Heiðursfélagar og lífeyrisþegar sem hættir eru störfum eru undanþegnir félagsgjöldum.
- 3.6. Sérhverri ljósmóður ber að sýna ábyrgð í starfi og gæta virðingar ljósmæðrastarfsins. Ljósmæðrum ber að starfa eftir lögum félagsins, siðareglum sem og ákvörðunum aðalfunda.
- 3.7. Stjórn félagsins getur vikið félagsmanni úr félaginu ef hann hefur að mati stjórnar og siðanefndar brotið gegn lögum félagsins eða siðareglum. Viðkomandi félagsmanni skal veittur hæfilegur frestur til að skýra mál sitt skriflega og munnlega fyrir stjórn og siðanefnd áður en ákvörðun um brottvikningu er tekin og er honum heimilt að koma með talsmann með sér á fund stjórnar óski hann þess. Ákvörðun stjórnar og siðanefndar skal tilkynnt félagsmanni skriflega. Sæki fyrrverandi félagsmaður um aðild að félaginu skv. 3. gr. laga þessara, eftir að honum hefur verið vikið brott, tekur stjórn ákvörðun



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

um að veita honum aðild á ný.

4. Grein

AÐALFUNDUR

- 4.1. Aðalfund skal halda í félaginu eigi síðar en á vormánuðum ár hvert. Dagsetning aðalfundar skal tilkynnt með 6 vikna fyrirvara á heimasíðu félagsins. Fundarboð skal berast með tryggilegum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins minnst 4 vikum fyrir aðalfund. Hið sama gildir um önnur mál sem félagsmenn óska eftir að tekin verði fyrir á aðalfundi. Mál, sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá aðalfundar verður því aðeins tekið þar fyrir að meiri hluti fundarmanna á fundinum samþykki það. Lagabreytingar verða ekki teknar fyrir nema þær fylgi fundarboði. Formlegar athugasemdir og tillögur til breytinga á fyrirbyggjandi lagabreytingatillögum sem fram koma á aðalfundi verða bornar undir fundinn. Aðalfundur telst ekki lögmætur nema boðað sé til hans á löglegan hátt.
- 4.2. Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skulu fundargögn vera aðgengileg félagsmönnum á rafrænu formi á vefsvæði félagsins, þ.m.t. skýrsla stjórnar, reikningar félagsins og sjóða á vegum þess, skýrslur endurskoðanda og skoðunarmanna, áætlanir um starfsemi og fjárhag félagsins næsta starfsár og framboð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa eftir því sem við á.
- 4.3. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
 - 4.3.1. Formaður setur aðalfund og tilnefni fundarstjóra og fundarritara.
 - 4.3.2. Formaður félagsins flytur skýrslu stjórnar.
 - 4.3.3. Skýrslur nefnda.
 - 4.3.4. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins, sem þá hafa verið yfirfarnir af endurskoðanda og skoðunarmönnum félagsins. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykkis og ákvörðun tekin um félagsgjald.
 - 4.3.5. Lagabreytingar



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

- 4.3.6. Formannskosning
 - 4.3.7. Stjórnarkosning
 - 4.3.8. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
 - 4.3.9. Nefndakosning - kosning í nefndir og önnur trúnaðarstörf.
 - 4.3.10. Önnur mál.
- 4.4. Á aðalfund skal bóka sérstaklega allar samþykktir og ákvarðanir fundarins. Fundaritarar ganga frá fundargerð að loknum aðalfundi. Fundargerð aðalfundar skal birt á vefsvæði félagsins ekki seinna en fjórum vikum eftir fundinn og veittur tveggja vikna frestur til athugasemda. Að þeim fresti liðnum telst fundargerð samþykkt og skal hún ásamt athugasemdum birt á vefsvæði félagsins.
- 4.5. Aukaaðalfund skal halda ef stjórn álitur þess þörf eða ef 1/3 atkvæðisbærra félagsmanna krefst þess. Hann skal boðaður með sama hætti og aðalfundur og fundarefni tilgreint í fundarboði.

5. Grein

STJÓRN FÉLAGSINS

- 5.1. Í aðalstjórn Ljósmaðrafélags Íslands skulu kosnar sex ljósmaður alls, formaður, gjaldkeri, ritari, varaformaður, varagjaldkeri og vararitari. Hvert stjórnarsæti er kosið til tveggja ára í senn nema formann félagsins skal kjósa til þriggja ára í senn. Framboð til formanns skal berast fjórum vikum fyrir boðaðn aðalfund. Formaður kjaranefndar skal sitja sem meðstjórnandi í stjórn. Heimilt er að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins í þrjú kjörtímabil í röð. Kjrinn fulltrúi í stjórn og nefndum félagsins s, en líða verður eitt kjörtímabil þar til hann má gegna sama starfi aftur.
- 5.2. Stjórnin skipuleggur stjórnarfundi eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til þeirra. Formanni er skylt að boða varamenn á fundi til jafns við aðalmenn. Fundir stjórnar eru lögmatir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur og stjórnarmenn hafa verið boðaðir til fundar með tryggum hætti.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

- 5.3. Stjórn félagsins fylgir eftir lögum þess og samþykktum. Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda, undanskilin eru þau mál sem eru til umfjöllunar hjá Siðanefnd LMFÍ. Stjórn skal hafa yfirsýn yfir daglegan rekstur félagsins og ber ábyrgð á öllum framkvæmdum sem gerðar eru í nafni þess. Stjórn tekur ákvörðun um ráðningar starfsmanna til félagsins og semur um ráðningakjör við þá. Formaður er launaður starfsmaður félagsins.
- 5.4. Hlutverk stjórnar er að framfylgja markmiðum félagsins og vinna eftir lögum þessum og þeirri stefnumótun Ljósmeðrafélagsins sem sett hefur verið fram og samþykkt á aðalfundi.
- 5.5. Vantraust á stjórn LMFÍ má bera upp ef 1/3 félagsmanna hafa skrifað undir áskorun þess efnis og skal stjórn félagsins boða til aukaaðalfundar innan tveggja vikna frá því að slík áskorun berst félaginu.
- 5.6. Fylgja skal fundarsköpum LMFÍ á öllum fundum félagsins sem fundarstjóri les í upphafi fundar hverju sinn.

6. Grein

ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 6.1. Atkvæðisrétt á aðalfundi og félagsfundum hafa kjarafélagar sem eru skuldlausir við félagið. Skal stjórn hafa tiltæk gögn um félagsmenn sem ekki hafa gert upp sín félagsgjöld í upphafi fundar.
- 6.2. Allar kosningar eru bindandi og fari fram skriflega ef fleiri en einn eru í kjöri. Falli atkvæði jafnt skal kosið að nýju og fáist þá eigi úrslit ræður hlutkesti. Félagsmenn LMFÍ sem taka þátt í fundi með fjarfundabúnaði hafa einnig atkvæðisrétt. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema annað sé tekið fram í lögnum.
- 6.3. Kjörnefnd skal sjá um undirbúning og framkvæmd kosninga á aðalfundi.
- 6.4. Í ágreiningsmálum á stjórnarfundum ræður meirihluti stjórnar, ef hlutir falla jafnt þá ræður atkvæði formanns. Stjórn er heimilt að láta fara fram rafræna kosningu um þau mál sem hún telur brýn og varða mikilvæga hagsmuni félagsmanna.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

6.5. Allir félagsmenn eru kjörgengir í nefndir LMFÍ nema í kjaranefnd. Kosningarétt og kjörgengi í kjaranefnd og stjórn hafa einungis kjarafélagar.

7. Grein

FÉLAGSFUNDIR

7.1. Félagssfund skal halda þegar stjórn þykir ástæða til eða ef minnst fimm félagar óska þess skriflega og tilgreina fundarefni og skal til hans boðað með minnst viku fyrirvara. Ef nauðsyn krefur má þó boða félagssfund með 24 klukkustunda fyrirvara.

7.2. Formaður félagsins eða fulltrúi hans sitji ICM þing. Fulltrúa á önnur þing skal tilnefna af stjórn félagsins. Þeir sem fara á þing á vegum félagsins skili greinargerð um viðkomandi þing til stjórnar. Ennfremur geri þeir grein fyrir þinginu í Ljósmaðrablaðinu, vefsíðu félagsins eða á aðalfundi.

8. Grein

FJÁRMÁL

8.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar félagsins, nefnda þess og sjóða skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum sem aðalfundur kýs úr röðum félagsmanna til eins árs í senn. Reikningar skulu vera komnir í hendur skoðunarmanna félagsins 14 dögum fyrir aðalfund til yfirlestrar og undirskriftar

9. Grein

NEFNDIR OG RÁÐ

9.1. innan LMFÍ skulu starfa eftirfarandi nefndir

9.1.1. Kjaranefnd

9.1.2. Fræðslu- og endurmenntunarnefnd

9.1.3. Ritnefnd

9.1.4. Siðanefnd



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

9.1.5. Kjörnefnd

9.1.6. Sjóðanefnd

9.2. Heimilt er að koma á fót nefndum um einstök málefni eða málaflokka ef þurfa þykir sem stjórn skipar í. Sama gildir um samtök og ráð sem LMFÍ er heimilað að tilnefna fulltrúa í.

9.3. Nefndir innan LMFÍ starfa á grundvelli laga LMFÍ. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar LMFÍ.

10. Grein

DEILDIR

10.1. Heimilt er að stofna deildir innan félagsins. Æskilegt er að deildirnar sendi einn fulltrúa á aðalfund er greini frá starfsemi sinnar deildar eða sendi greinargerð til stjórnar eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Sé það ekki gert er litið svo á að starfsemi deildar liggi niðri.

10.2. Deildir félagsins geta sótt um fjárframlög frá félaginu til starfsemi sinnar. Deildir innan LMFÍ starfa á grundvelli laga LMFÍ. Deildum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar LMFÍ.

11. Grein

TRÚNAÐARMENN

11.1. Stjórn skal beita sér fyrir því að trúnaðarmenn séu kjörnir sbr. V. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, I. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða því sem samið kann að vera um í kjarasamningum.

11.2. Í trúnaðarmannaráði skulu eiga sæti allir trúnaðarmenn Ljósmaðrafélagsins, meðlimir kjaranefndar ásamt stjórn félagsins. Hlutverk trúnaðarmannaráðs er að undirbúa kröfugerð, kjarasamninga og stofnanasamninga og vera stjórn til ráðgjafar um stærri mál.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

12. Grein

ÚTGÁFA

- 12.1. Allt efni sem birtist á prenti í nafni félagsins, í rafrænum miðlum, ljósvakamiðlum, á ráðstefnum o.fl. auk minjagripa telst vera útgáfa félagsins. Stjórn sér um og ber ábyrgð á útgáfu félagsins, svo sem útgáfu Ljósmaedrablaðs, Fylgjunnar, hefur umsjón með og ber ábyrgð á vefsíðu félagsins ljosmaedrafelag.is.
- 12.2. Félagið á og rekur vefsíðuna ljosmodir.is sem er upplýsingavefur fyrir verðandi foreldra.
- 12.3. LMFÍ gefur út Ljósmaedrablaðið og greiðir kostnað af því. Skal senda blaðið öllum félagsmönnum og er áskriftarverð þess innifalið í félagsgjaldi. Stjórn LMFÍ ræður ritstjóra sem sér um útgáfu Ljósmaedrablaðsins í samvinnu við ritnefnd. Ritnefnd ber auk þess ábyrgð á útgáfu Fylgjunnar, handbókar félagsmanna. Ritnefnd skal kjósa á aðalfundi félagsins.
- 12.4. Merki LMFÍ er skráð í vörumerkjaskrá og er félagið eigandi þess. Notkun á merkinu er háð leyfi stjórnar. Stjórn félagsins lætur útbúa barmmerki sem einnig er eign félagsins. Félagar í LMFÍ fá heimild til að bera barmmerkið við afhendingu þess. Glatist barmmerkið getur félagsmaður fengið nýtt barmmerki gegn gjaldi. Við andlát eða réttindamissi er æskilegt að barmmerkinu sé skilað til LMFÍ.

13. Grein

LAGABREYTINGAR

- 13.1. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og skulu tillögur um breytingar hafa borist með aðalfundarboði tveim vikum áður og þannig kynntar félögum áður en til fundar kemur. Lagabreytingar eru því aðeins lögmætar að 2/3 fundarmanna á aðalfundi greiði þeim atkvæði.
- 13.2. Lög þessi öðlast gildi á aðalfundi Ljósmaedrafélags Íslands 24. mars 2012. Um leið verða lög Ljósmaedrafélags Íslands frá 5.maí 2006 úr gildi numin.



Fundarsköp Ljósmaðrafélags Íslands

1.gr

Formaður setur fundi félagsins og stjórnar þeim eða tilnefnir fundarstjóra. Á aðalfundum skal tilnefning fundarstjóra borin undir atkvæði. Fundarstjóri tilkynnir í fundarbyrjun þau mál sem á dagskrá eru, í þeirri röð sem þau skulu tekin fyrir. Þá skal hann sjá um að allt fari fram með góðri reglu og að fundarsköpum.

2.gr

Í fundarbyrjun les ritari síðustu fundargerð. Fundarstjóri bera hana síðan upp til samþykktar og skal hún síðan undirrituð af formanni, ritara og fundarstjóra ef hann er annar en formaður.

3.gr

Fundarstjóri skal gefa fundarmönnum orðið í þeirri röð sem þeir óska þess. Skal ræðumaður halda sig við það mál sem til umræðu er. Ef umræður dragast úr hófi, getur fundarstjóri takmarkað þær. Einnig má bera fram tillögu um takmarkaðan ræðutíma.

4.gr

Enga tillögu má taka til umræðu fyrr en hún hefur verið lesin af fundarstjóra. Allar tillögur skulu berast fundarstjóra skriflega og undirritaðar af flutningsmönnum.

5.gr

Breytingartillögu skal bera undir atkvæði á undan aðaltillögu. Séu breytingartillögur fleiri en ein, skal fundarstjóri ákveða hver þeirra skal fyrst borin undir atkvæði.

6.gr

Heimilt er hverjum fundarmanni að krefjast þess að tillögu sé vísað frá og sker stjórnin þá úr því hvort tillögu skuli vísað frá.

7.gr



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu nema annars sé óskað.

8.gr

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, nema lög félagsins eða fundarsköp kveði á um annað.

9.gr

Ekki er heimilt að koma fram með tillögu um að slíta fundi, en fundarstjóri getur, ef honum þykir ástæða til, frestað fundi og eins má bera fram tillögu um það.

Fundarsköpum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 hluta atkvæða til þess.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Saga handbókar Ljósmaðrafélags Íslands

Á aðalfundi félagsins 2009 var ákveðið að stofna fjóra hópa til að skoða innviði félagsins. Þeir hópar voru lagahópur, faghópur, kjarahópur og hópur til að skoða starfsreglur innan félagsins. Lifandi stéttarfélag í stöðugri þróun þarf reglulega að leita inn á við. Skoða hverju má breyta og hvað má laga, til að gera starfssemina enn betri. Það var tilgangurinn með vinnu þessara hópa

Mikil vinna fór af stað í lagahópnum til að yfirfara lög félagsins. Stjórnin tók svo að sér að lesa yfir drögin að lögunum og gera lagfæringar. Síðast en ekki síst fór lögræðingur BHM, Erna Guðmundsdóttir yfir drögin og kom með gagnlegar ábendingar. Afrakstur þeirra vinnu voru ný lög félagsins sem samþykkt voru á aðalfundinum 2012. Lagahópurinn samanstóð af ljósmaðrunum Ólafíu Guðmundsdóttur, Steinunni Blöndal og Söru Björk Hauksdóttur.

Drög að verklagi eða starfsreglum innan félagsins skilaði verklagshópurinn. Ljósmaður í honum voru Ástþóra Kristinsdóttir, Helga Sigurðardóttir og Elín Hjartardóttir. Stjórn félagsins hefur haldið fimm vinnufundi til að fínþússa starfsreglur fyrir félagið sem birtast hér í handbók LMFÍ.

Vinna kjarahóps og faghóps þarf lengri vinnu til að hægt sé að setja þær niðurstöður í handbókin að svo stöddu. Handbókin er hugsuð sem lifandi plagg sem er endurskoðað mjög reglulega og /eða eftir þörfum.

Haldnir voru tveir félagsfundir til að ræða niðurstöður þessara starfshópa. Einn fyrir jólin 2011 og annar eftir áramótin 2011-2012.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Skipan stjórnar og nefnda/deilda félagsins

Samkvæmt lögum félagsins skulu þrjár ljósmæður kosnar í aðalstjórn Ljósmeðrafélags Íslands til tveggja ára. Formaður, gjaldkeri og ritari. Einnig eru kosnir til tveggja ára varaformaður, varagjaldkeri og vararitari. Formaður kjaranefndar skal sitja sem meðstjórnandi í stjórn. Heimilt er að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins þrjú kjörtímabil í röð. Stjórnarmann sem setið hefur samfleytt í sex ár má kjósa í annað stjórnar- eða nefndarstarf, en líða verður eitt kjörtímabil þar til hann má gegna sama starfi aftur.

Stjórnin skipuleggur stjórnarfundi eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til þeirra. Formanni er skylt að boða varamenn á fundi til jafns við aðalmenn. Fundir stjórnar eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur og stjórnarmenn hafa verið boðaðir til fundar með tryggum hætti.

Stjórn félagsins fylgir eftir lögum þess og samþykktum. Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda, undanskilin eru þau mál sem eru til umfjöllunar hjá Siðanefnd LMFÍ. Stjórn skal hafa yfirsýn yfir daglegan rekstur félagsins og ber ábyrgð á öllum framkvæmdum sem gerðar eru í nafni þess. Stjórn tekur ákvörðun um ráðningu starfsmanna til félagsins og semur um ráðningakjör við þá. Formaður er launaður starfsmaður félagsins.

NEFNDIR

Samkvæmt lögum félagsins skulu eftirfarandi nefndir starfa kjaranefnd, fræðslu- og endurmenntunarnefnd, ritnefnd, siðanefnd, kjörnefnd og sjóðanefnd.

Heimilt er að koma á fót nefndum um einstök málefni eða málaflokka ef þurfa þykir sem stjórn skipar í. Sama gildir um samtök og ráð sem LMFÍ er heimilað að tilnefna fulltrúa í. Nefndir innan LMFÍ starfa á grundvelli laga LMFÍ. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar LMFÍ.

DEILDIR

Heimilt er að stofna deildir innan félagsins. Æskilegt er að deildirnar sendi einn fulltrúa á aðalfund er greini frá starfsemi sinnar deildar. Deildir félagsins geta sótt um fjárframlög frá félaginu til starfsemi sinnar. Deildir innan LMFÍ starfa á grundvelli laga LMFÍ. Deildum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar LMFÍ.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Trúnaðarmenn Ljósmaedrafélags Íslands

Samkvæmt lögum félagsins skal stjórn beita sér fyrir því að trúnaðarmenn séu kjörnir sbr. V. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, I. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða því sem samið kann að vera um í kjarasamningum. Í trúnaðarmannaráði skulu eiga sæti allir trúnaðarmenn Ljósmaedrafélagsins, meðlimir kjaranefndar ásamt stjórn félagsins. Hlutverk trúnaðarmannaráðs er að undirbúa kröfugerð, kjarasamninga og stofnanasamninga og vera stjórn til ráðgjafar um stærri mál.

Trúnaðarmenn eru kjörnir trúnaðarmenn á vinnustöðum, stjórnarmenn félagsins og meðlimir kjaranefndar félagsins. Þeir hafa heimild til að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum félagsins allt að eina viku á ári án skerðinga á reglubundnum launum. Trúnaðarmenn hafa rétt til þess að sinna skyldum sínum á vinnutíma og hafa aðstöðu til þess á vinnustað.

Nú eru starfandi einn aðaltrúnaðarmaður og níu trúnaðarmenn víðsvegar á vinnustöðvum ljósmaedra.

Sjá trúnaðarmenn ljósmaedra

<http://www.ljosmaedrafelag.is/um-felagid/trunadarmenn>

Sjá nánar um trúnaðarmenn

<http://www.bhm.is/trunadarmenn/um-trunadarmenn/>



Verklag í starfi stéttar og fagfélags Ljósmeðra

Stjórnarfundir

Stjórnin skipuleggur stjórnarfundir eftir þörfum hverju sinni og boðar formaður til þeirra. Meginreglan er sú að boðað er til stjórnarfundir á tveggja vikna fresti og ber fundarmönnum að láta vita ef þeir geta ekki mætt. Formaður sendir út fundarboð með dagskrá fundar eins tímanlega og hægt er hverju sinni. Formanni er skylt að boða varamenn á fundi til jafns við aðalmenn. Fundir stjórnar eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur og stjórnarmenn hafa verið boðaðir til fundar með tryggum hætti. Formaður stýrir fundunum og í fjarveru hans varaformaður. Fjöldi atkvæða ræður úrslitum í stjórn en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Allir stjórnarmenn skulu fá eintak af starfsreglum og starfslýsingum sem í gildi eru þegar þeir taka sæti í stjórn félagsins. Þeim skal jafnframt afhent eintak af lögum félagsins. Starfsreglur stjórnar eru teknar fyrir á öðrum stjórnarfundum eftir aðalfund. Stjórn getur hvenær sem er á starfstíma sínum endurskoðað og breytt starfsreglum sínum ef breyting hlýtur samþykki meirihluta stjórnar. Samþykki stjórnarmanna skal koma fram í fundargerð. Starfsreglurnar eða handbókin skal vera kynnt á heimasíðu félagsins. Stjórnin fer með æðsta vald félagsins, milli aðalfunda og hlutverk hennar er að móta stefnu og megináherslur þess. Stjórnarmönnum Ljósmeðrafélags Íslands ber að fylgja markmiðum félagsins og vinna eftir þeirri stefnu sem í gildi er hverju sinni og samþykkt hefur verið í stjórn og/eða á aðalfundi félagsins. Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni stjórnar þar með talin ágreiningsefni. Málefni og ágreiningsefni eru rædd innan stjórnar en ekki utan nema að annað sé samþykkt á stjórnarfundum. Trúnaðareyður og þagnarskylda stjórnarmanna helst þó að stjórnarmaður láti að starfi.

Verklagsreglur félagsins skulu vera yfirfarnar og kynntar stjórnarmönnum á hverju ári þegar stjórn kemur saman eftir aðalfund. Stjórnarmanni sem telur hæfi sitt ekki víst í einhverju máli ber að segja stjórnarmönnum frá því. Stjórn sker síðan úr um hvort um vanhæfni er að ræða eða ekki. Formaður getur ákveðið að bjóða öðrum en stjórnarmönnum á stjórnarfundum þegar fjallað er um ákveðin mál. Stjórnarsetan miðast þá við afgreiðslu þessa ákveðna máls.

Aðalfundur

Samkvæmt lögum félagsins skal halda Aðalfund í félaginu eigi síðar en á vormánuðum ár hvert. Dagsetning aðalfundar skal tilkynnt með 6 vikna fyrirvara á heimasíðu félagsins. Fundarboð skal berast með tryggilegum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

minnst 4 vikum fyrir aðalfund. Hið sama gildir um önnur mál sem félagsmenn óska eftir að tekin verði fyrir á aðalfundi. Mál, sem ekki er tilgreint á útsendri dagskrá aðalfundar verður því aðeins tekið þar fyrir að meiri hluti fundarmanna á fundinum samþykki það. Lagabreytingar verða ekki teknar fyrir nema þær fylgi fundarboði. Formlegar athugasemdir og tillögur til breytinga á fyrirbyggjandi lagabreytingatillögum sem fram koma á aðalfundi verða bornar undir fundinn. Aðalfundur telst ekki lögmætur nema boðað sé til hans á löglegan hátt. Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skulu fundargögn vera aðgengileg félags-mönnum á rafrænu formi á vefsvæði félagsins, þ.m.t. skýrsla stjórnar, reikningar félagsins og sjóða á vegum þess, skýrslur endurskoðanda og skoðunarmanna, áætlanir um starfsemi og fjárhag félagsins næsta starfsár og framboð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa eftir því sem við á. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.

Fundarritun

Fundarritari á stjórnarfundum, ber ábyrgð á fundargerðum stjórnar félagsins. Hann sér um að allir fundir séu færðir til bókar í fundargerðir, skýrt skal koma fram hvar og hvenær og hverjir sitja fundinn og hver ritar fundargerð. Allar ákvarðanir og atkvæðagreiðslur sem fara fram í stjórn skulu koma fram. Ályktanir, sérstakar bókanir, upphaf og lok fundartíma og hvenær næsti fundur er bókaður. Stjórnarmaður sem ekki er samþykktur á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð. Senda skal fundargerð eftir hvern fund til stjórnarmanna til aflestrar og samþykkis milli funda.

Gagnavarsla

Fundargerðir eru geymdar á rafrænum formi hjá tölvufyrirtækinu Advania. Einnig eru þær prentaðar út og geymdar á pappír á skrifstofu Ljósmaðrafélagsins.

Heimasíða félagsins

Vefstjóri hefur umsjón og ber ábyrgð á rekstri heimasíðu félagsins ásamt formanni félagsins.

Hann sér um að koma fréttum, auglýsingum og tilkynningum á síðuna sem og uppfærslu á vefsíðu félagsins. Hann sér um „facebook“ síðu félagsins með formanni félagsins.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Ljósmaðrablaðið

Ljósmaðrafélagið gefur út tvö tölublöð af Ljósmaðrablaðinu á ári hverju. Ritnefndin ber þungann af þeirra vinnu í samstarfi við formann félagsins. Sjá nánar undir ritnefnd.

Fylgjan

Fylgjan 2013 er 23. útgáfa þessara handbókar ljósmæðra. Hún hefur verið gefin út síðan árið 1990. Upphaflega hönnun hennar annaðist Helga Birgisdóttir. Elínborg Jónsdóttir hefur haft umsjón með fylgjuni um áraraðir. Árið 2012 fór fylgjan svo í umsjón ritnefndar. Frá og með árinu 2016 er hægt að nálgast fylgjuna á rafrænu formi á heimasíðu LMFÍ.

Ljosmodir.is

Með vefstjórn vefsins ljusmodir.is fer formaður LMFÍ. Vefstjórinn hefur umsjón og ber ábyrgð á rekstri síðunnar. Vefstjóri svarar fyrirspurnum og ræður ljósmæður til að svara fyrirspurnum. Ráðgjafasíðan ljusmodir.is er fjármögnuð með auglýsingatekjum.

Fjármál

Samkvæmt lögum félagsins skal reikningsár félagsins vera almanaksárið. Reikningar félagsins, nefnda þess og sjóða skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum sem aðalfundur kýs úr röðum félagsmanna til eins árs í senn.

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Formaður gerir fjárhagsáætlun fyrir félagið ásamt starfsmanni félagsins og gjaldkera. Meginreglan er sú að bera þarf öll auka fjárútlát sem ekki er á fjárhagsáætlun ársins undir stjórn.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Vinnureglur varðandi greiðslu fyrir trúnaðarstörf innan félagsins

Ljósmaðrafélag Íslands hefur a.m.k eitt stöðugildi sem skiptist á milli formanns og starfsmanns eftir því sem stjórn Ljósmaðrafélags Íslands ákveður hverju sinni. Stöðugildi starfsmanns skal þó vera að lágmarki 20%. Formaður og starfsmaður félagsins hafa fastan auglýstan viðverutíma á skrifstofu félagsins vikulega.

Greiða skal fyrir fundarsetu í stjórn Ljósmaðrafélags Íslands samkvæmt því sem nemur að lágmarki einum dagvinnutíma meðallauna ljósmaðra. Tekið skal mið af fjárhagsstöðu félagsins og árlegri fjárhagsáætlun.

Stjórn Ljósmaðrafélagsins ákveður greiðslur til kjaranefndar samkvæmt vinnuframlagi hvers nefndarmanns þegar unnið er að gerð kjarasamninga. Gengið er frá samkomulagi um greiðslur fyrirfram eins og hægt er.

Ef stjórnarmenn í stjórn eða kjaranefnd Ljósmaðrafélags Íslands búa utan höfuðborgarsvæðisins má greiða ferðakostnað á stjórnarfundi gegn framvísun reikninga/kvittana. Þetta er endurskoðað árlega á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Einnig má notast við símafundi, skype o.þ.h.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Störf nefnda/deilda

Fræðslunefnd Ljósmaðrafélags Íslands

Í fræðslunefnd sitja fimm félagsmenn sem kosnir eru á aðalfundi félagsins ár hvert. Nefndarmenn eru kosnir til a.m.k. tveggja ára. Leitast er við að þeir hætti ekki allir á sama tíma.

Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja fræðslu, endurmenntun og símenntun ljósmæðra ásamt því að sjá um hinn árlega jólafund félagsins. Reynt er að skipta verkum jafnt milli aðila og að allir taki virkan þátt í nefndarstörfum. Formaður fræðslunefndar sér um að halda utan um fundarhöld nefndarinnar og boða til þeirra. Einnig skrifar hann ársskýrslu fyrir aðalfund félagsins þar sem gert er grein fyrir atburðum ársins. Formaður eða annar nefndarmaður flytur skýrsluna á aðalfundi. Fræðslunefndin er í samstarfi við Endurmenntun HÍ.

Tilgangur og markmið fræðslunefndar er að auðvelda ljósmæðrum að viðhalda faglegri þekkingu sinni ásamt því að tileinka sér nýjungar í starfinu.

Tekið saman af Hönnu Rut Jónsdóttur
Mars 2013



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Kjaranefnd Ljósmeðrafélags Íslands

Kosið er í kjaranefnd á aðalfundi og er kjörtímabil tvö ár. Gæta þarf þess að fulltrúum í kjaranefnd sé ekki öllum skipt út í einu. Formaður kjaranefndar á setu í stjórn félagsins sem meðstjórnandi. Formaður félagsins á sæti í kjaranefnd.

Tilgangur og markmið kjaranefndar:

Að bæta kjör og tryggja réttindi félagsmanna með kjarasamningum við atvinnurekendur, sem falla undir samningsumboð félagsins. Fylgjast með launaþróun. Vera til aðstoðar og ráðgjafar við stofnanasamninga, sé þess óskað.

Hlutverk og ábyrgð:

Að semja um kaup og kjör félagsmanna sem falla undir samningsumboð félagsins.

Að hafa yfirsýn yfir launaþróun félagsmanna.

Þátttaka í starfi og stefnumótun BHM varðandi réttindi og skyldur félagsmanna.

Skipan fulltrúa í samstarfsnefndir.

Varsla frumrita kjarasamninga (miðlægra og stofnanasamninga) svo og annarra gagna þeirra mála sem kjaranefnd kemur að svo sem: frumdraga kjarasamninga, minnisblaða og kröfugerðar sem lögð eru til grundvallar kjarasamningum hverju sinni.

Upplýsingamiðlun og ábyrgð gagnvart félagsmönnum: Að upplýsa félagsmenn um breytingar á réttindum og skyldum og um gang mála varðandi kjarasamninga. Sinna einstaklingsmálum þeirra félaga sem leita til nefndarinnar í samráði við formann félagsins.

Björg Sigurðardóttir tók saman.

Mars 2013



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Sjóðanefnd Ljósmaðrafélags Íslands

Í sjóðanefnd LMFÍ eru kosnir þrír kjarafélagar á aðalfundi til tveggja ára í senn samkvæmt lögum félagsins. Sjálfskipaðir í sjóðanefnd eru starfandi formaður og gjaldkeri félagsins. Sjóðanefnd sér um úthlutun úr sjóðum félagsins eins og nafnið ber með sér. Í dag er starfandi einn sjóður, Rannsóknar og þróunarsjóður LMFÍ. Sjá úthlutunarreglur sem og skipulagsskrá fyrir þann sjóð. Í burðarliðnum er annar sjóður Minningarsjóður Jóhönnu Hrafnfjörð. Hefur verkefni sjóðanefndar á árinu 2012 verið að útbúa skipulagsskrá sem og úthlutunarreglur fyrir þann nýja sjóð. Venjulega hittist sjóðanefnd einu sinni til tvisvar á ári til að úthluta styrkjum til félagsmanna LMFÍ úr Rannsóknar og þróunarsjóð. Með tilkomu þessa nýja Minningarsjóðs mun fundum væntanlega fjölga hjá sjóðanefndinni. Formaður LMFÍ sér um að kalla nefnd saman. Fundargerðir sjóðanefndar hafa verið skrifaðar og geymdar á rafrænu formi.

Esther Ósk Ármannsdóttir tók saman
Mars 2013



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Kjörnefnd Ljósmaðrafélags Íslands

Kosið er í kjörnefnd á aðalfundi félagsins og er kjörtímabil að lágmarki 2 ár. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum, þar af er einn formaður kjörnefndar. Hlutverk kjörnefndar er að leita framboða og ábendinga um framboð meðal félagsmanna í nefndir og stjórn. Kjörnefnd kemur saman u.þ.b. einu sinni árlega, nokkrum vikum fyrir aðalfund félagsins. Formaður kjörnefndar sér um að boða til fundarins. Í samráði við formenn er farið yfir þær breytingar sem verða á fulltrúum í nefndum og stjórn og á fundi kjörnefndar er vinna skipulögð og verkefnum útteilt. Þegar búið er að finna fulltrúa í allar nefndir og stjórn, er send skýrsla um það til formanns félagsins. Komi fleira en eitt framboð í hverja stöðu, fara fram kosningar á aðalfundi undir stjórn kjörnefndar.

Tekið saman af Margréti Guðmundsdóttur
Mars 2013



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Ritnefnd Ljósmaðrafélags Íslands

Í ritnefnd ljósmaðrablaðsins eru 6-7 ljósmaður. Óformleg skipting er á nefndarmönnum þannig að um helmingur eru í ritnefnd fræðilegs efnis (koma að ritrýningarferlinu) og aðrir sjá um annað í blaðinu ásamt lokafrágangi. Gefin eru út 2 blöð á ári ásamt dagbók (Fylgju) sem kemur út í desember. Ritstjóri sér um að kalla til fundar til að undirbúa blöðin og sér um verkaskiptingu. Haldin er að minnsta kosti einn fundur fyrir hvort blað, svo er mikil samskipti á milli ritnefndar meðlima með tölvupósti. Ritstjórinn fær tilboð í vinnslu blaðsins og dagbókar frá prentstofu, hefur milligöngu um að fá einhvern til að safna auglýsingum og fær íslenskufræðing til að lesa allt efnið yfir með tillit til málfars og stafsetningu. Allt efni berst til ritstjóra og sér hann um að koma greinum í ritrýningu sé þess óskað. Ritstjóri hefur umsjón með lokafrágangi á blaðinu í samvinnu við aðra ritstjórnar meðlimi, fer á prentstofu með allt efni og kemur þangað með allar leiðréttingar á próförk.

Tekið saman af Hrafnhildi Ólafsdóttur
mars 2013



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Siðanefnd Ljósmeðrafélags Íslands

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum og tveimur til vara og skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins. Stjórnarmenn LMFÍ eru ekki kjörgengir í siðanefnd.

Siðanefnd LMFÍ skal veita félagsmönnum sínum ráðgjöf og gefa umsögn um fagleg eða persónuleg álitamál tengd starfi ljósmæðra.

Nefndin skal einnig veita félagsmönnum aðstoð við að leita sátta í tengslum við ágreining er upp kann að koma varðandi störf þeirra.

Nefndin er stjórn félagsins til ráðgjafar um siðfræðileg efni.

Starfsreglur

- Nefndin styðst við alþjóðasiðareglur ljósmæðra
- Fulltrúar í siðanefnd fara með öll mál sem til hennar koma sem trúnaðarmál, nema þeir sem málið varða veiti heimild til opinberrar birtingar.
- Beiðnir til siðanefndar skulu berast formanni nefndarinnar skriflega (ekki rafrænt)
- Formaður kallar nefndina saman eins fljótt og kostur er eftir að erindi berst.
- Nefndin getur með samþykki þess sem leitar til hennar, vísað málum til annarra aðila.
- Nefndin áskilur sér rétt til að leita álits hjá óháðum aðilum s.s. lögfræðingi.
- Nefndin getur vísað málum frá.
- Nefndin áskilur sér þann rétt til að taka sér þann tíma sem hún telur nauðsynlegan til umfjöllunar mála.
- Nefndin svarar öllum málum skriflega (ekki rafrænt).
- Nefndin er álitsgjafi en ekki dómsaðili.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Ljósurnar

„Ljósurnar“ njóta stuðnings LMFÍ á margan hátt, m.a. í ársbyrjun við að finna út hvaða ljósmæður verða 60 ára á árinu og komast þar með á póstlista deildarinnar. LMFÍ hefur staðið undir kostnaði við póstsendingar og kaffi á fundum.

Frá 2007 hefur verið farið dagsferð í byrjun júní.

Árið 2010 var stofnuð ferðanefnd sem hefur séð um skipulag ferða.

Ljósurnar senda inn skýrslu um starfsemi sína á aðalfund LMFÍ.

Skömmu áður en deildin var stofnuð ákváðu ljósmæður sem voru að nalgast starfslok að hittast í kaffi einn tiltekinn dag í mánuði.

Þó það væri aðallega hugsað fyrir þær ljósmæður sem voru hættar störfum, var það einnig hugsað fyrir þær sem voru enn að vinna og óháð aldri.

Undanfarin 3 ár hafa Ljósurnar farið saman út að borða í tengslum við Jólafestu.

Þessir samfundir falla ekki inn í hið formlega starf deildarinnar, en hafa aukið samstöðu innan hópsins.

Tekið saman af Maríu Björnsdóttur

september 2012



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Reglur fyrir Ljósurnar.

1.gr.

Nafn deildarinnar er Ljósurnar, stofnuð 6.des.2005.

Deildin er innan Ljósmaðrafélags Íslands.

2.gr.

Rétt til að vera í Ljósunum hafa allar ljósmaður sem hafa náð 60 ára aldri og hlotið réttindi til ljósmóðurstarfa á Íslandi.

3.gr

Tilgangur deildarinnar „Ljósurnar“:

Að sameina ljósmaður er látið hafa af störfum eða náð 60 ára aldri í því skyni að efla samstöðu ljósmaðra.

Að tengjast LMFÍ með því að sækja boðaða fundi.

Að gleðjast saman og efla vináttu.

4.gr.

Fundir.

Ljósurnar skulu halda 2 – 3 fundi á ári.

Aðalfundur skal haldinn að hausti.

Stjórnin ákveður tíma og fundarstað og boðar skriflega með tveggja vikna fyrirvara.

5.gr.

Stjórn.

Stjórn deildarinnar skal skipuð 5 félögum.

Formaður, kosinn til tveggja ára.

Varaformaður, ritari og 2 meðstjórnendur, sem árlega ganga úr stjórn á víxl þannig að

alltaf sitji tveir áfram í stjórn og aðrir tveir gangi úr stjórn.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Endurkjör er alltaf heimilt.

6.gr.

Deildin verður því aðeins lögð niður að $\frac{3}{4}$ af félögum deildarinnar séu því samþykkir.

7.gr

Reglum þessum má breyta á aðalfundi deildarinnar og séu minnst $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkir breytingunni.

Samþykkt á aðalfundi 19.október 2006.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Landshlutadeildir Ljósmaðrafélags Íslands

Um árábil hefur Norðurlandsdeild LMFÍ verið eina virka landshlutadeildin en áður voru fleiri deildir virkar; Suðurlandsdeild, Vesturlandsdeild og Vestfjarðadeild.

Norðurlandsdeild Ljósmaðrafélags Íslands

Norðurlandsdeild Ljósmaðrafélags Íslands var stofnuð 30.júlí 1968. Skráðir félagar eru 47 talsins og eru þeir búsettir víða um Norðurland.

Starfsemi deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði undanfarin ár. Haldinn er einn aðalfundur og einn til tveir fræðslufundir á ári, þar sem ljósmaðrum finnst alltaf gaman að koma saman og ræða málin.

Stjórnarmeðlimir hafa að miklu leyti samskipti í gegnum tölvupóst og síma auk þess að hittast af og til. Aðalfundur hefur oftast verið haldinn á Akureyri en stöku sinnum hefur hann þó verið haldinn annars staðar á Norðurlandi og í þeim tilfellum tækifærið notað til að heimsækja ljósmaður á öðrum stöðum, sjá aðstöðu þeirra þar og hafa gaman um leið.

Í ár hefur deildin unnið að því að safna peningastyrkjum fyrir fæðingardeildina á Akureyri, til kaupa á endurlífgunarborði fyrir nýju fæðingarstofunum sem teknar voru í notkun núna í sumar 2012, eftir gagngerar endurbætur.

LÖG NORÐURLANDSDEILDAR LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS

Samþykkt á aðalfundi 1989.

1. grein

Félagið heitir Norðurlandsdeild Ljósmaðrafélags Íslands.

2. grein

Tilgangur félagsins er:

a) að auka kynningu ljósmaðra innan deildarinnar og glæða áhuga fyrir öllu því er að starfi þeirra lýtur.

b) Stuðla að aukinni menntun ljósmaðra og efla samheldni þeirra og stéttartilfinningu.

3. grein

Félagar geta allar ljósmaður orðið, sem eru í Ljósmaðrafélagi Íslands.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

4. grein

Í stjórn félagsins eru fimm ljósmæður. Kosið er til tveggja ára í senn. Annað árið gangi úr formaður, féhirðir og meðstjórnandi, hitt árið varaformaður og ritari. Endurkosning er heimil. Beita má kjörkosningu.

5. grein

Formanni ber að sjá um að stjórnin leysi störf sín vel af hendi.

Formaður er fulltrúi deildarinnar út á við, ákveður dagskrá og stjórnar fundi. Í forföllum formanns gegnir varaformaður störfum.

6. grein

Ritari færir gjörðabók á hverjum fundi og undirritar ásamt formanni. Ritari fær einnig starfsskýrslu hvers árs í gjörðabókina.

7. grein

Aðalfund skal halda í maí eða júní ár hvert og aðra fundi eftir því sem tilefni er til.

8. grein

Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu lesnir upp á aðalfundi. Reikningsár félagsins skal vera almanaksár.

9. grein

Félaginu er heimilt að taka á stefnuskrá sína, hvert það menningar- og mannúðarmál, sem það hefur áhuga á hverju sinni.

Tekið saman af Huldu Magnadóttur
Mars 2013



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Starfslýsing stjórnarmanna Ljósmaðrafélags Íslands

Formaður

- Formaður er ábyrgðarmaður allrar starfsemi félagsins og forsvarsmaður félagsins.
- Er tengiliður nefnda/ deilda félagsins við stjórn.
- Býður formönnum nefnda/deilda til að koma á stjórnarfundi til að kynna störf sín.
- Aðstoðar deildir/nefndir eftir þörfum.
- Kemur boðum á milli stjórnar og nefnda til skila.
- Gerir fjárhagsáætlun fyrir félagið ásamt starfsmanni félagsins og gjaldkera.
- Flokkar og útteilir verkefnum til stjórnarmanna, formanna nefnda og starfsmanns.
- Er með fasta viðveru vikulega á skrifstofutíma.
- Er tengiliður við ICM og NJF.
- Situr í kjaranefnd og sjóðanefnd.
- Á sæti í miðstjórn BHM.
- Fráfarandi formaður setur nýjan formann inn í starfið eftir þörfum.
- Stjórn Ljósmaðrafélags Íslands ákveður laun formanns hverju sinni.
- Laun formanns miðast við laun yfirljósmóður á LSH.
- Formaður er á föstum launum óháð starfsálagi hverju sinni.
- Stjórn Ljósmaðrafélags Íslands getur ákveðið hvort rétt sé að greiða aukalega fyrir vinnu á sérstökum álagstímum.

Varaformaður

- Staðgengill formanns.
- Tekur að sér verkefni sem ekki geta beðið eftir formanni þegar hann er í frí.
- Laun fyrir staðgengilstörf fara eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni
- Áheyrnarfulltrúi með formanni á fundum.
- Önnur verkefni í samráði við formann og/eða stjórn.
- Láti formaður af formennsku á kjörtímabili þá tekur varaformaður starf hans þar til nýr formaður er kosinn.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Gjaldkeri

Sér um fjármál félagsins í samvinnu við formann og starfsmann félagsins og ber ábyrgð á þeim. Uppgjör skal liggja fyrir a.m.k. tvisvar á ári. Lætur stjórn vita ef eitthvað er athugavert við reikninga/bókfærslu og ber það undir formann og stjórn hverju sinni. Önnur verkefni í samráði við formann og/eða stjórn. Er í sjóðanefnd- hefur prókúru á reikninga félagsins.

Varagjaldkeri

Staðgengill gjaldkera og starfar í samvinnu við hann. Önnur verkefni í samráði við formann og/eða stjórn.

Ritari

Fundarritari á stjórnarfundum, ber ábyrgð á fundargerðum stjórnar félagsins. Sér um að allir stjórnarfundir séu færðir til bókar í fundargerðir, skýrt skal koma fram hvar og hvenær og hverjir sitja fundinn og hver ritar fundargerð. Allar ákvarðanir og atkvæðagreiðslur sem fara fram í stjórn skulu koma fram. Ályktanir, sérstakar bókanir, upphaf og lok fundartíma og hvenær næsti fundur er bókaður. Stjórnarmaður sem ekki er samþykktur á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð. Senda skal fundargerð eftir hvern fund til stjórnarmanna til aflestrar og samþykkis milli funda. Tekur saman punkta fyrir skýrslu stjórnar og aðstoðar formann við gerð hennar. Önnur verkefni í samráði við formann og/eða stjórn.

Vararitari

Staðgengill ritara og starfar í samvinnu við hann. Önnur verkefni í samráði við formann og/eða stjórn.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Meðstjórnandi

Formaður kjaranefndar og upplýsir stjórn hverju sinni um gang mála í kjaramálum og viðræðum.

Formanni ber að sjá til að haldin sé fundargerð kjaranefndar.

Ritar skýrslu kjaranefndar.

Önnur verkefni í samráði við formann og/eða stjórn.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Starfslýsingar starfsmanna Ljósmaðrafélagsins

Starfsmaður á skrifstofu

- Starfsmaður er að lágmarki í 20% stöðu.
- Starfsmaður þarf að hafa góða þekkingu og reynslu af bókhaldsstörfum.
- Laun starfsmanns eru ákveðin af stjórn Ljósmaðrafélags Íslands.
- Starfsmaður hefur fasta viðveru á skrifstofu félagsins einu sinni í viku, eða eftir samkomulagi.
- Hann færir bókhald félagsins.
- Heldur utan um félagaskrá sem og viðhald og rekstur skrifstofu.
- Sér um ásamt formanni að koma upplýsingum sem heima eiga á vefsíðu félagsins til vefstjóra.
- Aðstoðar nefndir við aðgang að fundaaðstöðu, tölvu, síma, faxtæki, fjarfundabúnað, tölvupóst og ljósritunarvél félagsins og ýmsa aðra vinnu sem nefndarmenn þarfnast.
- Kemur skilaboðum á milli félagsins, nefnda og félagsmanna eftir því sem þörf er á.
- Starfsmaður, formaður og gjaldkeri vinna saman að gerð fjárhagsáætlunar fyrir félagið hverju sinni.
- Aðstoðar þegar haldnar eru ráðstefnur og fundir á vegum félagsins eftir því sem þörf krefur hverju sinni.
- Aðstoðarmaður formanns.
- Önnur verkefni í samráði við formann/stjórn.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Sjóðir LMFÍ

Úthlutunar- og starfsreglur Rannsóknar- og þróunarsjóðs Ljósmaðrafélags Íslands

Rannsóknar- og þróunarsjóður Ljósmaðrafélags Íslands er sjóður byggður á sameiningu þriggja sjóða árið 2010, Vísindasjóði, Rannsóknasjóði og Minningasjóði og er eign Ljósmaðrafélags Íslands. Sjóðurinn er í vörslu stjórnar Ljósmaðrafélags Íslands og með prókúru fer gjaldkeri félagsins hverju sinni.

Tilgangur og markmið

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og faglega þróun í ljósmóðurfræði á Íslandi. Markmiðið er að styrkja ljósmæður til framhaldsnáms, rannsókna og þróunarverkefni í ljósmóðurfræðum sem og verkefni sem stjórn sjóðsins telur ljósmóðurfræði til framdráttar.

Sjóðsstjórn

Í Sjóðsstjórn Rannsóknar- og þróunarsjóðs Ljósmaðrafélags Íslands skulu auk formanns og gjaldkera félagsins, sitja þrír fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi félagsins. Sjóðsstjórn setur sér úthlutunar- og starfsreglur sem skulu samþykktar af aðalfundi og endurskoðaðar annað hvert ár.

Sjóðsaðild

Aðild að Rannsóknar- og þróunarsjóði Ljósmaðrafélags Íslands hafa kjarafélagar Ljósmaðrafélags Íslands.

Tegundir styrkja

Hægt er að sækja um styrki upp að ákveðinni hámarksupphæð í samræmi við stöðu sjóðsins, fyrir hvert verkefni eða framhaldsnám sem lýkur með prófgráðu. Miðað er við grunnlaun ljósmóður í launaflokki 16.0.

- Styrkur vegna kostnaðar og kynningar á rannsóknar- og þróunarverkefni (allt að 100% grunnlaun ljósmóður í einn mánuð).
- Styrkur vegna námskeiða í tengslum við framhaldsnám sem lýkur með prófgráðu (allt að 20% af grunnlaunum ljósmóður í einn mánuð).
- Styrkur vegna fagrýni og þróunar ljósmóðurþjónustu (allt að 20% af grunnlaunum ljósmóður í einn mánuð).

Upplýsingar um umsóknir

- Umsókn um rannsóknar- og þróunarstyrki skal skilað á sérstöku eyðublaði sjóðsins sem hægt er að sækja á vefsíðu Ljósmaðrafélags Íslands.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

- Umsóknir þurfa að vera vandaðar og þeim skal fylgja námkvæm kostnaðaráætlun, náms- og starfsferilskrá, ritverkaskrá og framvinduskýrsla ef sótt er um í annað sinn fyrir sama verkefni.

Áherslur og mat á umsóknum

- Við mat á umsóknum er lögð áhersla á faglegt og vísindalegt gildi verkefna fyrir ljósmóðurfræði og ljósmóðurþjónustu.
- Að öllu jöfnu eru ferðastyrkir ekki veittir nema vegna kynningar á rannsóknarniðurstöðum í tengslum við framhaldsnám.
- Ekki eru veittir styrkir ef verkefni frá fyrri umsóknum er ólokið eða ef niðurstöður hafa ekki verið kynntar samkvæmt ákvæði.
- Styrkur getur nýst sem launakostnaður, ef laun eru ekki greidd af vinnuveitanda eða öðrum aðila.

Greiðsla styrkja

- Styrkur er að jafnaði greiddur út gegn framvísun reikninga í frumriti og/eða samkvæmt nákvæmri vinnuáætlun rannsakanda. Háskólakennarar geta fengið rannsóknastyrki greidda inn á rannsóknareikninga á þeirra vinnustað.
- Sé styrks ekki vitjað og umbeðin gögn ekki fyrir hendi innan tveggja ára frá dagsetningu á tilkynningu um styrkveitingu, lítur sjóðanefnd svo á að styrkvilyrðið falli niður.
- Styrkþegi skal birta/kynna verkefni í Ljósmaðrablaðinu eða öðrum fagtímaritum. Ennfremur er æskilegt að verkefni séu kynnt á ráðstefnum, innlendum sem erlendum og að styrks sé þá getið.

Styrkjum úr sjóðnum er úthlutað einu sinni á ári. Frestur til umsókna um styrki er 1. nóvember ár hvert.

Sjóðanefnd Ljósmaðrafélags Íslands – febrúar 2012



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Skipulagsskrá fyrir Rannsókn- og þróunarsjóð Ljósmaðrafélags Íslands samþykkt á aðalfundi 2011.

Stofnaðild, varsla o.fl.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Rannsókn- og þróunarsjóður Ljósmaðrafélags Íslands, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er stofnaður með sameiningu þriggja sjóða, Minningasjóðs ljósmaðra, Vísindasjóðs og Rannsóknasjóðs ljósmaðra.

Sjóðurinn er í vörslu stjórnar Ljósmaðrafélags Íslands, Borgartúni 6, Reykjavík. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Tilgangur og markmið sjóðsins

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og faglega þróun í ljósmóðurfræði á Íslandi. Markmiðið er að styrkja ljósmaður til framhaldsnáms, rannsókna og þróunarverkefni í ljósmóðurfræðum sem og verkefni sem stjórn sjóðsins telur ljósmóðurfræði til framdráttar.

Stofnframlag minningarsjóðsins og tekjur

3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er hluti af fjármunum úr sjóðunum þremur sem sameinaðir voru, samtals 1.000.000 kr. Aldrei má úthluta meira en svo að stofnframlag sjóðsins skerðist og skal það hækka með launavísitölu. Annað fjárframlag í sjóðinn eru allir fjármunir sjóðanna þriggja, samtals 2.360.645 kr

Tekjur sjóðsins eru 9% af kjarafélagsgjöldum Ljósmaðrafélags Íslands, vextir af stofnfé, sala minningakorta, svo og gjafir er sjóðnum kunna að berast.

Stjórn sjóðsins

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð af aðalfundi Ljósmaðrafélags Íslands til tveggja ára í senn og hana sitja þrjú kjarafélagar LMFÍ auk formanns og gjaldkera félagsins.

Stjórn sjóðsins heldur fundargerðarbók um starf sitt og skilar um það skýrslu á aðalfundi félagsins ár hvert.

Stjórnin skal setja úthlutunarreglur og nánari starfsreglur um úthlutanir, s.s. einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, allt í samræmi við



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

skipulagsskrá þessa. Fjöldi styrkja sem veittur er árlega skal taka mið af stöðu sjóðsins.

Reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum skal endurskoða á tveggja ára fresti og samþykkja á aðalfundi Ljósmaðrafélags Íslands.

Styrkveitingar úr sjóðnum

5. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum í samræmi við úthlutunarreglur í nóvember ár hvert.

Aldrei má úthluta meira en svo að stofnframlag sjóðsins skerðist og skal þá taka mið af launavísitölu í maí á úthlutunarári.

Ávöxtun fjár og ársreikningar

6. gr.

Stjórn Ljósmaðrafélags Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og bera ríkisábyrgð.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir með sama hætti og aðrir reikningar í vörslu Ljósmaðrafélags Íslands.

Skráning sjóðsins, breytingar á skipulagsskrá o.fl.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki aðalfundar Ljósmaðrafélags Íslands.

Sjóðinn skal ekki leggja niður nema ríka nauðsyn beri til að mati stjórnarinnar. Hrein eign hans skal þá renna til Ljósmaðrafélags Íslands.

Staðfesting

8. gr.

Skipulagsskrá Rannsókn- og þróunarsjóðs Ljósmaðrafélags Íslands staðfestist hér með.

Reykjavík, 2010

Erna Guðmundsdóttir
lögfræðingur BHM

Guðlaug Einarsdóttir
formaður LMFÍ



Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Jóhanna F. Hrafnfjörð fæddist að Hrafnfjarðareyri, Norður-Ísafjarðarsýslu 29. nóvember árið 1925. Hún lést þann 15. ágúst 2011. Ljósmaðrapróf tók hún frá Ljósmaðraskóla Íslands 30. september 1947. Hún starfaði sem ljósmóðir víða um land lengst af í Reykjavík. Jóhanna hlaut styrk til Noregsfarar þar sem hún starfaði samtals í þrjú ár. Þegar heim var komið 1958 stofnaði hún fæðingarheimili í Kópavogi og rak það farsællega til ársins 1969. Jóhanna mat mikils það tækifæri sem hún fékk til að starfa erlendis og var það m.a. kveikjan að þeirri hugmynd hennar að stofna minningarsjóð til að styrkja ljósmæður til náms.

Stofnaðild, varsla o.fl.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð. Hér eftir nefndur Minningarsjóðurinn. Minningarsjóðurinn er stofnaður að ósk Jóhönnu F. Hrafnfjörð ljósmóður. Arfleiddi hún Ljósmaðrafélag Íslands að söluandvirði íbúðar sinnar. Minningarsjóðurinn er eign Ljósmaðrafélag Íslands og í vörslu stjórnar Ljósmaðrafélags Íslands, Borgartúni 6, Reykjavík. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Tilgangur og markmið sjóðsins

2. gr.

Markmið Minningarsjóðsins er að styrkja ljósmæður til sí- og endurmenntunar. Tilgangur og markmið minningarsjóðsins er í samræmi við vilja arfláta.

Stofnframlag minningarsjóðsins og tekjur

3. gr.

Stofnframlag minningarsjóðsins er söluandvirði íbúðar Jóhönnu að Ásvallagötu 25 í Reykjavík að upphæð 19.569.479 kr. Ekki má skerða stofnfé sjóðsins. Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast, gjafir og áheit sem sjóðnum kunna að berast og tekjur sem stjórn sjóðsins kann að afla honum á annan hátt.

Stjórn sjóðsins

4. gr.

Stjórn minningarsjóðsins er í höndum sjóðanefndar Ljósmaðrafélags Íslands sem er skipuð 5 ljósmæðrum. Sjóðanefnd skal skipuð af aðalfundi Ljósmaðrafélags Íslands til tveggja ára í senn og í henni sitja þrjár kjarafélagar LMFÍ auk formanns og gjaldkera félagsins.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðanefndar. Ef nefndarmaður á hagsmuni að gæta við afgreiðslu umsóknar ber honum að víkja af fundi meðan á umsókn er afgreidd.

Stjórn minningarsjóðsins heldur fundargerðir um starf sitt og skilar um það skýrslu á aðalfundi félagsins ár hvert.

Stjórn minningarsjóðsins skal setja úthlutunarreglur og nánari starfsreglur um úthlutanir, s.s. einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, allt í samræmi við skipulagsskrá þessa. Fjöldi styrkja sem veittur er árlega skal taka mið af stöðu sjóðsins.

Reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum skal endurskoða á tveggja ára fresti og samþykkja á aðalfundi Ljósmaðrafélags Íslands.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Seta í sjóðanefnd er ólaunuð.

Styrkveitingar úr sjóðnum

5. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum í samræmi við úthlutunarreglur einu sinni á ári á afmælisdegi Jóhönnu F. Hrafnfjörð, 29. nóvember ár hvert.

Ávöxtun fjár og ársreikningar

6. gr.

Stjórn Ljósmaðrafélags Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningur minningarsjóðsins skal endurskoðaður og birtur með sama hætti og aðrir reikningar í vörslu Ljósmaðrafélags Íslands.

Skráning sjóðsins, breytingar á skipulagsskrá o.fl.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki aðalfundar Ljósmaðrafélags Íslands. Minningarsjóðinn skal ekki leggja niður nema ríka nauðsyn beri til að mati stjórnarinnar. Hrein eign hans skal þá renna til Ljósmaðrafélags Íslands.

Staðfesting

8. gr.

Skipulagsskrá minningarsjóðs Jóhönnu Hrafnfjörð Ljósmaðrafélags Íslands staðfestist hér með.

Reykjavík 20. apríl 2013

Inga Sigríður Árnadóttir
Gjaldkeri LMFÍ

Esther Ósk Ármannsdóttir
formaður LMFÍ



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Úthlutunar- og starfsreglur Minningarsjóðs Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Minningarsjóðurinn er í vörslu stjórnar Ljósmaðrafélags Íslands og með prókúru fer sitjandi gjaldkeri félagsins.

Tilgangur og markmið

Tilgangur og markmið Minningarsjóðsins er að styrkja einstaka sjóðsfélaga til að sækja námskeið innan lands sem utan eða til ákveðinna verkefna sem teljast til eflingar menntunar þeirra.

Sjóðsstjórn

Stjórn minningarsjóðsins er í höndum sjóðanefndar Ljósmaðrafélags Íslands. Sjóðanefnd skal skipuð af aðalfundi Ljósmaðrafélags Íslands til tveggja ára í senn og hana sitja þrjú kjarafélagar LMFÍ auk formanns og gjaldkera félagsins. Nefndin setur sér úthlutunar- og starfsreglur sem skulu samþykktar af aðalfundi og endurskoðaðar annað hvert ár.

Sjóðsaðild

Aðild að Minningarsjóði Jóhönnu F. Hrafnfjörð hafa allir skuldlausir félagar Ljósmaðrafélags Íslands.

Tegundir styrkja

- Styrkir til sí- og endurmenntunar ljósmæðra innan lands og utan.
- Til ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar ljósmæðra.

Upplýsingar um umsóknir

- Umsókn um styrk úr Minningarsjóðnum skal skilað á sérstöku eyðublaði sjóðsins sem hægt er að sækja á vefsíðu Ljósmaðrafélags Íslands.
- Umsóknir þurfa að berast sjóðnum fyrir 1.nóvember ár hvert.
- Umsóknir þurfa að vera vandaðar og þeim skal fylgja kostnaðaráætlun.

Áherslur og mat á umsóknum

- Styrkir eru veittir þeim sem ekki eiga kost á að sækja í aðra sjóði. Til dæmis þeir aðilar sem ekki hafa rétt til úthlutunar eða hafa fullnýtt rétt sinn í öðrum sjóðum.
- Upphæð styrkja ákvarðast af stöðu sjóðsins og fjölda umsókna hverju sinni.

Greiðsla styrkja

- Styrkur er að jafnaði greiddur út gegn framvísun reikninga í frumriti. Reikningur skal vera dagsettur það almanaksár sem sótt er um styrkinn.
- Sé styrks ekki vitjað fyrir 1. nóvember ári eftir úthlutun, lítur sjóðanefnd svo á að styrkvilyrðið falli niður.
- Tímabundin breyting á úthlutun úr sjóðnum. Að peningar þeir sem verða áttu til úthlutunar úr sjóði Jóhönnu Hrafnfjörð árin 2014 og 2015 (um. 1.2 millj.) verði nýttir til að bæta það launatap sem félagsmenn verða fyrir komi til verkfalls.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS
(The Icelandic Midwives' Association)
Stofnað árið 1919

Sjóðanefnd Ljósmaðrafélags Íslands – september 2012



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919